

Þriðjudaginn 11. febrúar 1992.

Nr. 305/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Öldu Sólrúnu Guðmundsdóttur

(Guðjón Styrkársson hrl.).

Brenna. Vátryggingarsvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. júlí 1991 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar. Þá er þess krafist, að ákærða verði dæmd til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á það verður að fallast með héraðsdómara, að játning ákærðu fyrir lögreglu 4. desember 1990 verði ekki lögð til grundvallar í málinu. Ákærða hefur að vísu ekki gefið viðhlítandi skýringar á því, hvers vegna hún dró játningu sína til baka degi síðar, en hún var ekki leidd fyrir dómara, þegar framangreind játning lá fyrir. Hins vegar er á það að líta, að sá lögreglumaður, sem yfirheyrði ákærðu umrætt sinn, hefur borið fyrir dómi, að framburður hennar hafi ekki verið trúverðugur, er á yfirheyrsluna leið. Sjálf hefur ákærða fyrir dómi haldið fast við fyrri og síðari framburð sinn hjá lögreglu um sakleysi sitt. Þá hefur ákærða jafnan borið, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að hún hafi ekki talið, að sú vátrygging, sem hún og eiginmaður hennar keyptu hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. tveimur dögum fyrir brunann, hefði þá öðlast gildi, þar sem iðgjald hafði ekki verið greitt.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, bendir margt til þess, að ákærða hafi valdið eldsvoðanum í Hafnarstræti 86 A á Akureyri 25. nóvember 1990. Rannsókn málsins hefur þó ekki leitt til þess, að loku sé fyrir það skotið, að aðrir kunni að eiga hlut að íkveikjunni. Með hliðsjón af því og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir því ekki gegn neitun ákærðu fram komin full sönnun

um sök hennar, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjunarkostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, eins og í dómsorði greinir.

Í héraðsdóminn eru teknir langir kaflar úr skýrslum ákærðu og vitna hjá lögreglu og fyrir dómi, stundum án nægilegrar úrvinnslu, sbr. 166. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 30. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. apríl sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með ákæru, út gefinni 31. janúar 1991, á hendur Öldu Sólrúnu Guðmundsdóttur, Hafnarstræti 86 A, Akureyri, fæddri 20. nóvember 1936, fæðingarnúmer 482, „fyrir brennu með því að hafa sunnudagsmorguninn 25. nóvember 1990 milli kl. 10.00 og 10.20 í íbúð sinni á miðhæð hússins Hafnarstrætis 86 A valdið eldsvoða á þann hátt að leggja þvott á eldavél og setja straum á allar fjórar hellur eldavélarinnar, svo að eldur hlaust af. Þykir ákærða með framangreindum hætti hafa stofnað lífi þeirra, er í húsinu voru, eins íbúa í rishæð og eins íbúa, sem var sofandi á jarðhæð, í bersýnilegan háska og valdið eignatjóni og augljósri hættu á enn meira eignatjóni í húsinu, hefði eldurinn náð að breiðast út frekar en orðið var, en hann uppgötvaðist fljótlega af íbúa rishæðar og var slökktur af slökkviliði Akureyrar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærðu er einnig gefið að sök að hafa með framangreindum eldsvoða gert tilraun til váttryggingarsvika, en fyrir ákærðu vakti að fá tryggingarbætur fyrir brunatjón, og í því skyni keypti hún fjölskyldutryggingu hjá Váttryggingafélagi Íslands hf. föstudaginn 23. nóvember 1990.

Telst þetta varða við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga“.

Eru dómkröfur ákæruvaldsins þær, að ákærða verði sakfelld samkvæmt ákæru og dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

— — —

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt skýrslu slökkviliðsstjórans á Akureyri, Tómasar B. Böðvarssonar, var sunnudaginn 25. nóvember 1990 kl. 11.24 hringt á slökkvistöðina á Akureyri frá Hafnarstræti 86 A og tilkynnt, að kviknað væri í á miðhæð hússins, en hús þetta er tvílyft timburhús með portbyggðu risi, og eru í því þrjár íbúðir, ein á hverri hæð. Slökkviliðið fór þegar á vettvang, og er þangað kom, reyndist mikill eldur á 2. hæð, og stóðu eldtungur út um glugga á eldhúsinu, sem er við austurvegg hússins. Allt fólk í húsinu var komið út. Greiðlega gekk að slökkva eldinn, en nokkurn tíma tók að eftirslökkva, þ.e. rífa þiljur og ganga úr skugga um, að glóð leydist ekki þar á bak við og í reiðingi, sem er einangrun hússins. Miklar skemmdir urðu á miðíbúðinni af eldi í eldhúsinu, sem brann allt að innan. Einnig skemmdist töluvert af eldi í stofum og baðherbergi. Svæfnherbergi skemmdist töluvert af hita og reyk. Töluverðar skemmdir urðu í risíbúð af reyk og hita og í íbúð á 1. hæð, aðallega af vatni.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar barst henni tilkynning um brunann kl. 11.20 sama dag, og fóru Daníel Snorrason, Jóhannes Sigfússon og Sigurður Sigurðsson rannsóknarlögreglumenn á vettvang og hófu rannsókn að slökkvistarfi loknu, en því var að mestu lokið kl. 11.40. Í ljós kom, að eldurinn hafði komið upp í eldhúsi miðhæðar, sem ásamt rishæð er í eigu ákærðu og eiginmanns hennar. Höfðu eldsupptök orðið með þeim hætti, að settur hafði verið taubunki ofan á eldavél í eldhúsinu og allar hellur vélarinnar, fjórar að tölu, verið settar á fullan straum. Var því augljóst, að um var að ræða vísitandi íkveikju. Er eldsins varð vart, var íbúð ákærðu og eiginmanns hennar á miðhæð hússins mannláus, en í rishæð var staddur leigjandi, Guðmundur Jónasson, auk þess var Gylfi Garðars-son, eigandi íbúðar á neðstu hæð, heima hjá sér.

Við rannsókn á sýnum, sem tekin voru úr brunaleifum ofan af vélinni, fundust engar leifar eldfimra efna (lífrænna leysiefna).

Við rannsóknina kom í ljós, að ákærða og eiginmaður hennar höfðu skömmu fyrir brunann, þ.e. 23. nóvember 1990, keypt sér tryggingarpakka, svokallaða fjölskyldutryggingu, hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., en trygging þessi fól m.a. annars í sér innbústryggingu, að fjárhæð 3.000.000 kr. Í upphafi rannsóknar féll grunur á ákærðu og eiginmann hennar um að vera völd að brunanum, en við frekari rannsókn beindist grunurinn aðeins að ákærðu.

Helstu vitni og rannsóknaraðilar hafa gefið skýrslur hér fyrir dóminum.

Vitnið Guðmundur Jónasson, leigjandi í rishæð hússins, gerði slökkviliðinu viðvart um eldinn. Skýrir vitnið svo frá atvikum umræddan morgun, að það hafi verið eitt heima í risíbúðinni og farið á fætur um kl. 10.00. Kveðst vitnið hafa litið á klukku, og hafi hún verið alveg um 10, plús eða

mínus 2 mínútur. Kveðst vitnið hafa farið óklætt í eldhúsið og fengið sér léttan morgunverð. Þá kveðst það hafa sest í stofuna og farið að lesa íþróttasíður í gömlu Morgunblaði. Kveðst vitnið hafa átt von á nýju blaði og því haft andvara á sér gagnvart umgangi um dyrnar austan á húsinu. Þar sem það hafi verið að lesa Morgunblaðið, hafi það fyrst orðið vart við brunalykt án þess að veita henni sérstaka athygli. Kveðst vitnið hafa álitnið lyktina koma frá brennandi rusli að utan.

Við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu taldi vitnið sig hafa fundið lyktina um kl. 10.30, en við síðari yfirheyrslur hefur vitnið fullyrt, að kl. hafi verið milli 10.15 og 10.20. Kveðst vitnið síðan hafa munað eftir því, að það ætlaði að þvo þvott. Það hafi því farið til herbergis síns, klætt sig og tint saman óhreinan þvott þar. Það hafi síðan farið með tauði í baðherbergið og sett það í þvottavélina ásamt óhreinu taui, sem var í baðherberginu. Það hafi síðan gangsett þvottavélina. Þá hafi það tekið þvottabala, sem var í baðherberginu, með hreinum, en rökum þvotti. Það kveðst hafa farið með balann út og hengt þvottinn á snúrur fyrir austan húsið. Er það kom inn aftur, hefði brunalyktin verið orðin sterkari en áður. Það hafi síðan sest aftur við Morgunblaðið í stofunni. Kveðst vitnið síðan hafa heyrt einhvern umgang um útidyr, að það heldur, og hafi það því farið fram í stiga-ganginn og litið eftir því, hvort Mogginn væri kominn, en svo hafi ekki verið. Vitnið kveðst hafa verið að bíða eftir Morgunblaðinu. Það hafi því sest aftur við gamla Moggann. Þá hafi verið komin talsverð brunalykt í íbúðina. Kveðst vitnið þá hafa farið um íbúðina til að aðgæta, hvort eitthvað þar væri að brenna. Kveður vitnið lyktina hafa verið áberandi sterkasta í eldhúsinu og baðherberginu, en hvort tveggja sé yfir eldhúsinu á miðhæðinni. Kveðst vitnið hafa skoðað þvottavélina sérstaklega og meira að segja tekið af henni hlíf og aðgætt, hvort eitthvað væri að brenna eða sviðna í henni. Svo hafi ekki verið. Kveðst vitnið þá hafa litið út um glugga, en ekki orðið vart við neitt óeðlilegt. Það hafi þá sest enn við gamla Moggann og farið að fletta honum. Kveðst það hafa setið um stund, en þá farið að súrna í augum vegna brunans. Kveðst það þá hafa farið enn hring um íbúðina og nú m.a. opnað skápa í eldhúsinu, en ekkert athugavert séð, en brunalyktin hafi verið langmest í eldhúsinu. Kveðst vitnið hafa verið orðið þess fullvisst, að húsið væri farið að brenna. Kveðst það þá hafa farið að dyrunum hjá ákærðu og eiginmanni hennar og barið þar tvisvar til þrisvar fast á útidyrhurðina, en enginn hafi svarað. Það hafi þá farið upp í risibúðina aftur og þá séð, að reykjarslæða var komin í íbúðina. Kveðst það þá hafa farið að íbúd Gylfa á neðstu hæð og barið tvisvar á hurðina. Gylfi hafi komið til dyra, auðsjáanlega nývaknaður. Kveðst vitnið hafa spurt Gylfa að því, hvort hann fyndi ekki brunalykt, og hafi Gylfi strax fundið hana. Þeir hafi síðan farið inn í stofu til Gylfa, þar

sem Gylfi hafi rokið á hurð, sem negld var aftur, en liggur í stigaganginn upp á miðhæðina. Segir vitnið, að Gylfi hafi brotið hurðina upp og ýtt frá haug af ýmsu dóti, sem var fyrir henni. Þeir hafi síðan farið upp stigann og þá séð, að miðhæðin var full af reyk. Kveðst vitnið þá hafa hlaupið upp til sín aftur og hringt til slökkviliðsins eftir aðstoð. Segir það, að u.þ.b., sem það lagði tólið á símann aftur, hafi orðið sprenging á hæðinni fyrir neðan. Kveðst vitnið þá hafa hraðað sér út, eins og það stóð, og slökkviliðið komið skömmu síðar.

Vitnið hefur borið, að það hafi verið búið að finna brunalykt, áður en það gangsetti þvottavélina. Þá hefur vitnið borið, að það hafi ekki gangsett þvottavélina morguninn áður.

Vitnið Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir, sem bjó í rishæð, hefur einnig borið, að þvottavélin hafi ekki verið gangsett morguninn áður.

Vitnið Gylfi Garðarsson kveðst hafa vaknað við, að Guðmundur Jónasson barði á dyrhurð sína um kl. 11.10. Það skýrir á sama hátt frá atvikum eftir það og vitnið Guðmundur Jónasson.

Vitnið Jónatan Ólafsson blaðburðarmaður ber, að það hafi borið Morgunblaðið í húsið um kl. 11.00 umræddan morgun.

Rannsóknarlögreglumenn ásamt Sigmundi Þórissyni, eftirlitsmanni Rafmagnseftirlits ríkisins, könnuðu með tilraun, hversu langan tíma tæki að koma upp eldi í líni eða sængurfatnaði á sama hátt og gert var í Hafnarstræti 86 A í greint sinn. Lögðu þeir lín eða sængurfatnað ofan á keramikplötu eldavélarinnar og líktu eftir tauvi því, er reyndist hafa verið ofan á eldavélinni, eftir því, sem leifar sýndu, og upplýsingum ákærðu.

Í skýrslu Daniels Snorrasonar rannsóknarlögreglumanns segir:

„Straumi var síðan hleypt á allar hellur eldavélarinnar kl. 16.17. Tímamælingar voru gerðar af og til (sic) svo og lesið af hitamæli, en hitaleiðara hafði verið stungið inn í línið. Þá voru teknar ljósmyndir og sömuleiðis vídeó-mynd af tilrauninni. Fengin var að láni myndbandstökuvél hjá Samveri hf., myndbanda- og kvikmyndagerð. Fengum við með fjórar 20 mín. myndbandsspólur. Bilun kom upp, er komið var á síðari hluta annarrar spólu, svo að myndataka féll þá niður, meðan gert var við bilunina. Tímasetning var lesin inn af og til (sic), meðan á tilrauninni stóð. Eins og fram kemur við skoðun myndbandsins, tók það 59,35 mínútur, frá því að straumur var settur á eldavélina og þar til eldur kviknaði í líninu. Kviknaði hann fyrst, þar sem línið var þynnst. Aðeins liðu 3,27 mínútur, þar til að lykt fór að finnast.

Tafla, sem sýnir tíma og hitastig.

Tími	Lýsing ástands	Hitastig
3.27	Þá byrjar að rjúka úr líninu	17,7°C

5.00	Kominnn töluverður reykur	
7.00	Vaxandi reykur	30,0°C
13.50	Erfitt að vera inni í herb.	100°C
15.00	Línið byrjað að kolast, þar sem það er þynnst	104,0°C
16.00-31.00	Ástand svipað, - vaxandi reykur og hiti	
54.00	Glóð í jaðri linsins	128°C
56.20		133°C
59.35	Eldur brýst út (sic)	137°C

Tilkynnt var um eld að Hafnarstræti 86 A, Ak., kl. 11.20. Ef gengið er út frá því, að það hafi tekið jafnlangan tíma að koma upp eldi þar og í tilrauninni, sem fyrr er lýst, og áætlað, að það taki 10 til 20 mínútur fyrir eldinn að magnast, svo að hann fari að loga út um glugga, má ætla, að straumur hafi verið settur á eldavélina kl. 10.00 - 10.10.“

Vitnið Tómas Búi Böðvarsson slökkviliðsstjóri skýrir svo frá um sprengingu þá, er um getur í framburði vitnisins Guðmundar Jónassonar, að algengt sé, sérstaklega í timburhúsum, að svokallaðar reyksprengingar verði, án þess að nokkuð sérstakt eldfimt þurfi til að koma. Telur vitnið fullvist, að um slíka sprengingu hafi verið að ræða. Segir vitnið, að slíkar sprengingar stafi af ófullkomnum bruna í byrjun, svo að þá safnist fyrir brennanlegar lofttegundir, sem ekki náí að loga, vegna þess að hitastig verði ekki nógu hátt.

Hinn 27. nóvember 1990 var ákærða fyrst yfirheyrð af lögreglu, og er skýrsla hennar svohljóðandi:

„Áminnt um sannsögli skýrir Alda frá því, að hún og eiginmaður sinn séu eigendur að efri hæð og risi hússins nr. 86 A við Hafnarstræti. Hún segir, að þau hafi ekki keypt þessar hæðir á sama tíma. Hún segir, að þau hafi fyrst keypt íbúðina í risinu í mars sl., að hún telur. Kaupverðið hafi verið 1.500.000 kr. Þau hafi síðan keypt efri hæðina um mánaðamótin ágúst - september sl., og segir hún, að þau hafi flutt inn 1. september sl. Kaupverð þeirrar hæðar hafi verið 2.200.000 kr. Hún segir, að það sé nokkuð löng forsaga að því, að þau keyptu Hafnarstræti 86 A. Hún segir, að þau hafi átt íbúð að Hafnarstræti 79, Ak., sem þau hafi selt fyrir nokkrum árum. Málaferli séu búin að ganga vegna þeirra kaupa í sjö ár, en þau hafi ekkert fengið út úr þeim málaferlum. Hún segir, að þau hafi því þurft að fara í leiguíbúð. Hún segir, að þau hafi þurft að fara íbúð úr íbúð, þar til þau síðan keyptu tvær íbúðir, sem þau gátu ekki haldið. Þau hafi síðan keypt íbúð í verkamannabústöðum á byggingarstigi. Hún segir, að þau hafi skilað þeirri íbúð vegna þess, að hún hafi reynst gölluð. Þá hafi hún hækkað mjög í verði. Upphaflega hafi kaupverð hennar átt

að vera kr. 4.200.000 kr. eða 4.700.000 kr., en síðan hefði hún hækkað upp í rúmlega 6.000.000 kr., svo að þau hafi séð, að þetta væri ekki við þeirra hæfi, þar sem þau áttu ekkert og hefðu því ekki getað staðið í skilum. Hún segir, að kaupin á Hafnarstræti 86 A hafi svo komið til á þann hátt, að kona, sem hún vann með, Ester Sigurðardóttir, hafi átt risið, en hún er ekkja. Hún hafi verið að hugsa um að hefja búskap með manni og ætlað að flytja til hans. Hún hafi þá verið að tala um að reyna að selja íbúðina, en það hafi ekki gengið. Þá hafi verið sett á íbúðina um 2.000.000 kr. Alda kveðst hafa sagt við hana, að hún skyldi gera henni tilboð á 1.500.000 kr. án þess að hafa séð íbúðina. Þessu hafi hún varpað fram án þess að eiga von á, að Ester tæki því. Nokkru síðar hefði Ester komið og sagt, að hún ætlaði að taka tilboðinu. Alda segir, að hún hafi þá ekki einu sinni munað, upp á hvað það hljóðaði. Hún hafi því beðið um frest til að skoða þetta nánar. Það hafi síðan orðið úr, að gengið var frá kaupunum á hennar tilboði, og hafi þau hjónin tekið að sér húsnæðisstjórnarlán og síðan gefið út skuldabréf. Engin útborgun hafi verið við undirskrift, en þau hefðu átt að borga fyrstu afborgun í íbúðinni 10. desember nk., að upphæð 300.000 kr. Alda segir, að þau hjónin séu búin að útvega peninga fyrir þeirri upphæð. Þau hafi þurft að taka lán fyrir upphæðinni. Hún segir, að þau hafi verið að vonast til þess, að þegar að þessari greiðslu kæmi, yrðu málaferlin, sem áður er getið, afstaðin og þau búin að fá peninga úr því máli.

Alda segir, að þau hafi flutt inn í risið nokkrum dögum eftir, að skrifað var undir kaupsamning. Hún segir, að fljótlega hafi þau frétt, að efri hæðin í húsinu væri til sölu. Hún kveðst þá hafa haft orð á því við eiginmann sinn að kaupa þá hæð, þar sem hún átti erfitt með að ganga upp stigana, þar eð hún sé með annan fót „bilaðan“ eftir skurðaðgerð, sem hún gekkst undir fyrir 12-14 árum, auk þess sem hún hefur eftirköst eftir vinnuslys, er hún varð fyrir við vinnu í Efnaverksmiðjunni Sjöfn. Hún kveðst hafa skipt um vinnu og farið að vinna niðri á Niðursuðuverksmiðju K. Jónssonar, en þar kveðst hún geta setið og staðið við vinnuna. Þannig geti hún unnið fulla vinna, sem þau þurfi á að halda vegna húsakaupanna. Hún segir, að síðan hafi tekist kaupsamningar um efri hæðina. Þar hafi ekki heldur verið nein útborgun. Þau hafi gengið inn í lán, og síðan hafi verið gefin út tvö skuldabréf, samtals að fjárhæð rúm 1.000.000 kr. Skuldabréfin hafi bæði verið með sama gjalddaga á árinu 1992.

Alda segir, að þau hjónin leigi risið, en þar séu þrjú herbergi auk tveggja herbergja, sem eru undir súð. Hún segir, að nú séu fjórir leigjendur í risinu. Það sé kærustupar, auk þess sem vinkona stúlkunnar með eitt barn leigi þar. Alda segir, að þau fari stundum öll til síns heima um helgar, en hún telur, að stúlkurnar báðar séu úr Skagafirði. Alda kveðst hafa orðið vör

við parið á laugardeginum, en kveðst ekkert hafa orðið vör við leigjendur sína að morgni sunnudagsins. Hún segir nú, að hún muni það ekki fyrir víst, hvort hún heyrði í þvottavél á sunnudagsmorguninn eða hvort það var daginn áður.

Þá segir Alda, að þau hjónin búi á efri hæð hússins. Hún segir, að á þeirri hæð sé svefnherbergi, stofa, eldhús, búr og snyrting. Þá sé frammi á gangi lítið herbergi í suðvesturhorni hæðarinnar. Alda segir, að gengið sé inn í íbúðina að sunnan. Þar sé gengið inn á jarðhæð, en síðan upp stiga upp á smá-stigapall fyrir framan íbúðina. Af stigapallinum sé gengið inn í umrætt hornherbergi og síðan til norðurs inn í stofuna.

Á neðri hæð, segir Alda, að Gylfi Garðarsson búi, og muni hann eiga þá hæð að undanskildu einu herbergi, sem þau eiga. Hún segir, að dyr séu á íbúð Gylfa suður í forstofu jarðhæðarinnar, þar sem gengið er upp til þeirra hjóna. Gylfi eigi þar rétt til að ganga um, sem hún segir, að hann nýti sér ekki. Hann muni þess í stað ganga um þvottahúss megin hjá sér eða úr stigahúsi, sem er austan á húsinu. Hún segir, að dyr séu úr stigahúsinu inn í eldhús á efri hæð, en búið hafi verið að klæða hurðina af og setja eldhússinnréttingu fyrir, er þau keyptu hæðina. Alda segir, að Gylfi muni hafa verið sofandi, þegar eldurinn kom upp. Hún kveðst þá ekki hafa vitað af honum.

Aðspurð um tryggingar á húseigninni segir Alda, að hún viti ekki með vissu, hvernig þeim er háttað. Varðandi innbústryggingu segir hún, að þau hafi verið ótryggð þar til sl. föstudag. Hún segir s.s., að þau hafi ekki verið með neina tryggingu í allan fyrra vetur. En sl. föstudag, segir hún, að þau hafi farið og keypt tryggingu. Hún segir ástæðuna til þess vera þá, að þau hafi óttast það, að þakið væri orðið lélegt á húsinu og þakplötur kynnu að fjúka, og þau hefðu þá ekki efni á að greiða neinar bætur. Hún segir, að þetta hafi fyrst og fremst vakað fyrir þeim, er þau fóru út í VÍS til þess að athuga með tryggingu þar. Hún segir, að þangað hafi þau komið í matartíma sínum sl. föstudag, og þar hafi þeim verið boðið upp á „pakkatryggingu“. Í henni hafi verið brunatrygging innbús, slysatrygging og húseigandatrygging. Hún segir, að þau hafi ekki tryggt áður, þar sem þau áttu ekki peninga fyrir iðgjöldum. Hún segir, að þeim hafi verið sagt, að það tæki einhvern tíma að ganga frá þessu. Þar með hafi Sigtryggur farið með sig í vinnu og farið síðan aftur í VÍS. Þá hafi hann ekki átt peninga fyrir iðgjöldum í heilt ár. Nú segir Alda, að hún hafi á fimmtudeginum verið búin að hringja í starfsmann VÍS, Helgu að nafni. Hún hafi sagt, að þau gætu tekið tryggingu fram að áramótum, síðan tekið tryggingu að nýju um áramót og fengið að skipta þeim iðgjaldagreiðslum. Sigtryggur hafi því óskað eftir að fá að greiða iðgjöld af tryggingunni til áramóta nk. Það hafi verið gengið að því hjá VÍS, og hafi þá þurft að reikna út

þá upphæð, sem greiða átti, og Sigtryggi sagt, að það yrði sendur til hans „gíró“-seðill í vikunni á eftir. Alda segir, að þess vegna hafi sér verið brugðið svo mjög, er hún kom á brunastað og hélt, að tryggingin hefði ekki öðlast gildi, og því sagt við rannsóknarlögreglumenn á vettvangi, að þau hefðu engar tryggingar.

Aðspurð segir Alda, að hún hafi farið nokkuð snemma að háttá sl. laugardagskvöld. Hún segir, að Sigtryggur muni hafa farið seinna í rúmið, ef hún man rétt. Hún segir, að hvorugt þeirra neyti áfengis, og því hafi það ekki verið inni í myndinni (sic). Alda segir, að Sigtryggur hafi átt að koma til vinnu fyrir kl. 10.00, og hafi hann því sjálf sagt vaknað fyrir kl. 9.00. Hún segir, að Sigtryggur hafi farið fram úr og lagað kaffi. Hann hafi síðan fært henni kaffi í rúmið og vakið hana. Kveðst hún álíta, að það muni hafa verið um kl. 9.30. Hún kveðst þá hafa farið á fætur og verið komin úr rúmi, er Sigtryggur fór í vinnuna. Alda kveðst hafa sest við eldhússborðið og reykt sígaréttur og drukkið kaffi. Hún kveðst hafa farið að ræða það við Sigtrygg, að þau þyrftu að fara að hreyfa sig meira, þau væru orðin svo slöpp. Alda segir, að Sigtryggur hafi verið farinn fyrir kl. 9.45, og kveðst hún hafa farið um kl. 10.30. Alda er nú margspurð að því, hvað hún hafi aðhafst, frá því að Sigtryggur fór í vinnuna og þar til hún fór út. Hún kveðst, eins og áður segir, hafa setið við eldhússborðið og verið að velta fyrir sér, á hverju hún ætti að byrja í sambandi við tiltekt (sic) á dóti, sem þau voru nýbúin að koma með úr Melasíðu.

Aðspurð segir Alda það fasta reglu hjá þeim að læsa útidyrum á kvöldin, áður en þau fara að háttá. Sömuleiðis sé það föst venja að læsa útidyrum, þegar þau fara að heiman á daginn. Hún kveðst telja, að það hafi hún gert samkvæmt venju, er hún fór út á sunnudagsmorguninn, a.m.k. hefðu þeir Gylfi og Guðmundur sagt, að dyrnar hefðu verið læstar.

Alda er að því spurð, hvort hún hafi sinnt eitthvað heimilisstörfum, áður en að hún fór út. Hún segir, að svo hafi ekki verið. Hún segir, að Sigtryggur hafi það fyrir reglu að taka til sjálfvirkur kaffikönnuna á kvöldin, svo að hann þurfi ekki annað en setja hana í samband á morgnana. Hann hafi síðan þann hátt á að setja kaffikönnuna í samband á morgnana og láta kaffikönnuna renna upp á, meðan hann raki sig. Síðan hafi hann alltaf fært sér kaffi í rúmið, eftir að hún fór í uppskurðinn á sjúkrahúsinu. Sunndagsmorguninn, segir hún, að Sigtryggur hafi tekið könnuna úr sambandi, og því hafi engin rafmagnstæki verið í sambandi. Hún segir, að eldavélin hafi ekki verið notuð síðan kvöldið áður. Hún segir, að eldavélin sé af gerðinni AEG með svokallaðri keramikplötu. Þau hafi keypt hana fyrir u.þ.b. fjórum árum. Hún kveðst ekki muna, hvort ljós sé framan á vélinni, sem gefi til kynna, hvort kveikt sé á hellunum. Núna segir hún, að svo sé. Hún segir, að ljós kvikni ofan á keramikplötunni, þegar einhver

hella verður meira en snertipurr. Alda er þá spurð að því, hvort hún hafi unnið við einhvern þvott um morguninn. Hún segir, að svo hafi ekki verið. Hún kveðst hafa verið með þvott inni í stofu, sem sonur sinn ætti, en hann væri sjómaður. Hún kvaðst hafa þvegið þann þvott, en þó fengið Guðrúnu, dóttur sína, til að hjálpa sér, þar sem hún sá fram á, að hún næði ekki að þvo allan þvottinn annars, áður en hann færi aftur út á sjó. Sonur sinn hefði síðan komið heim og tekið hluta af þvottinum, en það, sem eftir var, hefði hann skilið eftir þar heima. Alda segir, að sá þvottur, sem eftir varð, hafi verið bæði í þriggjasætasófanum inni í stofu og samstæðum stól. Hún kveðst ekki hafa hreyft við þvottinum, áður en hún fór út. Þvottur hafi því legið í stólnum og sófanum og verið þar fleiri (sic) daga.

Öldu er nú á það bent, að ljóst sé, út frá hverju eldur kviknaði. Þvotturinn hafi verið lagður á eldavélarplötuna og tvær hellur eldavélarinnar skildar eftir á mesta straum. Hún segir, að sér sé ljóst, að það hafi þá verið kveikt í húsinu, en hún kveðst ekki hafa gert það. Hún er þá spurð, hvort hún geti skýrt það, hver hafi kveikt í. Hún kveðst ekki geta svarað því, það eina, sem hún viti, sé, að hún hafi ekki gert það. Alda kveðst hafa séð, er hún kom á brunastað, eftir að búið var að slökkva, að leifar af handklæði sonar síns voru á eldavélinni. Hún kveðst hafa spurt, hvers vegna handklæðið væri þarna, þar sem það hefði ekki verið þar, er hún fór út.

Hlé er gert á yfirheyrslu kl. 17.30.

Yfirheyrslu fram haldið kl. 19.00.

Kærðu er nú kynnt réttarstaða handtekings manns. Hún kveðst ekki óska eftir réttargæslumanni á þessu stigi málsins. Kærða er nú beðin að gera grein fyrir ferðum sínum, eftir að hún yfirgaf heimili sitt kl. 10.30 á sunnudagsmorgun. Hún kveðst hafa gengið inn í nýju verslunina í Hafnarstræti 20, Ak. Þar kveðst hún hafa keypt saltkjöt og baunir og smávegis af sælgæti. Aðspurð kveðst hún ekki geta gert sér grein fyrir því, hve lengi hún var að ganga þarna inn eftir. Hún kveðst hafa verið í versluninni, rétt á meðan hún verslaði, en tafist aðeins, meðan leitað var að saltkjötinu. Eftir það kveðst hún hafa gengið upp göngustíg, sem liggur vestur úr Aðalstræti og þar upp í Spítalaveg. Á þeirri leið kveðst hún hafa hitt samverkakonu sína, Jónínu Guðmundsdóttur, og hefðu þær gengið í rólegheitum saman áfram upp Spítalaveg, norður Eyrarlandsveg, yfir bifreiðastæði norðan við MA og síðan vestur Hrafnagilsstræti. Við mót Skólastígs hefði leiðir þeirra skilið. Jónína hefði þá verið á leið að útibúi KEA við Byggðaveg. Kærða kveðst hins vegar hafa gengið norður Skólastíg að Íþróttahöllinni, þar sem hún kveðst hafa hitt eiginmann sinn. Hún kveðst hafa dvalist þar nokkra stund. Kærða er spurð, hve Sigtryggur hafi starfað lengi í Íþróttahöllinni. Hún segir, að það séu einhver ár. Aðspurð kveðst hún einu

sinni áður hafa farið að hitta Sigtrygg í vinnunni, en það sé nokkuð síðan. Aðspurð, hvort þetta hafi verið erfið og löng leið fyrir hana fótaveika að ganga með matvöru í poka stóran hluta leiðarinnar, segir hún, að svo hafi verið. Kærða kveðst hafa drukkið tvo kaffibolla og reykt tvær sigarettur hjá manni sínum. Eftir það kveðst hún hafa gengið áleiðis heim. Kærða kveðst hafa gengið austur frá Íþróttahöllinni, niður með Gagnfræðaskóla Akureyrar að norðan og áfram niður Kaupangstræti. Er hún hafi komið niður að Hótel KEA, hafi hún fundið reykjarlykt, en ekkert séð. Hún hafi þá gengið suður í Hafnarstræti, og er hún var komin þar á beina kaflann og sá heim til sín, kveðst hún hafa séð, að reykur stóð út úr íbúð sinni og slökkviliðið þar fyrir utan. Kærða kveðst hafa fengið „sjokk“ og hlaupið á vettvang. Þar hafi svo rannsóknarlögreglumenn haft tal af sér og ekið sér á vinnustað eiginmanns síns.

Kærða segir, að sér finnist allt benda til þess, að þarna hafi verið kveikt í heimili sínu. Hún neitar því samt algerlega að hafa gert það sjálf. Hún er þá spurð eftir, hver hafi getað komist inn í læsta íbúðina til að kveikja í. Kærða segir, að börn sín þrjú hafi lykla að íbúðinni, en það eru Sigtryggur, sem er búsettur í Keflavík, Guðmundur, sem er á sjó frá Skagaströnd, og Guðrún, sem býr hér á Akureyri. Auk þess segir hún, að norsk vinkona Guðmundar, Kim að nafni, sem leigir herbergi á Hótel Varmahlíð, hafi lykla að íbúðinni. Hún segir, að aðrir séu ekki með lykla. Kærða er þá spurð, hvort það sé ekki ljóst, að eitthvert þeirra hafi kveikt í íbúðinni. Hún svarar: „Ég trúi því bara ekki“.

Með úrskurði sakadóms Akureyrar var ákærða 29. nóvember úrskurðuð í gæsluvarðhald til miðvikudags 12. desember 1990. Á gæsluvarðhaldstímnum var ákærða allost yfirheyrð af lögreglu, og hélt hún sig í meginatriðum við framangreindan framburð að öðru leyti en því, að hún kvaðst, áður en hún yfirgaf íbúðina, hafa tekið potta og pönnu, sem á eldavélinni voru, og þvegið það. Þá breytti hún síðar framburði sínum um brottfarartíma úr íbúðinni, taldi sig hafa yfirgefið íbúðina fyrr eða kl. 10.10 til 10.15, og hefur hún síðan borið svo, að hún hafi yfirgefið íbúðina einhvern tíma upp úr kl. 10.00. Þá kom fram hjá ákærðu, að hún taldi sig hafa heyrt í þvottavél á rishæðinni, áður en hún yfirgaf íbúðina, en kvaðst þó ekki geta fyllirt, að það hefði ekki verið morguninn áður.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 4. desember 1990 breytti ákærða framburði sínum, og er skýrsla hennar frá þeirri yfirheyrslu svohljóðandi:

„Kærða kveðst nú vilja breyta fyrri framburði sínum. Hún segir nú, að það rétta sé, að hún hafi orðið völd að eldsvoðanum, er varð á heimili hennar umræddan dag. Hún segir, að morgunninn hafi liðið, eins og hún lýsti í fyrstu skýrslu sinni, þar til eiginmaður hennar, Sigtryggur Sigtryggsson, fór að heiman. Hún er nú beðin að lýsa því, sem gerðist, eftir að

Sigtryggur fór að heiman. Hún skýrir svo frá: „Ég drekk þarna kaffi í eldhúsinu, set leirtauðið í vaskinn, fer inn í Höfner, þaðan upp í Höll og heim“. Kærða er nú spurð, hvernig þetta hafi atvikast heima hjá henni. Hún svarar: „Ég set þvottinn á eldavélina og straum á“. Hún er spurð, hvenær hún hafi farið að heiman. Hún svarar: „Einhvern tíma upp úr 10.00.“ Hún er spurð, hvort hún hafi þá verið búin að kveikja á eldavélinni. Hún svarar: „Já.“ Kærða er þá spurð, hvenær þessi hugmynd hafi vaknað hjá henni. Hún segist ekki vita það, en segir síðan, að það hafi verið þarna um morguninn. Kærða er þá spurð um þátt eiginmanns síns í þessu. Hún segir, að hann sé enginn, hann myndi frekar deyja en gera eitthvað illt. Aðspurð, hvort það að kaupa tryggingu fyrir helgi hafi ekki verið einn liður í þessari áætlanagerð, svarar kærða, að svo hafi verið. Hún segir, að ástæðan til þessa verknaðar hafi verið peningaleysi. Mætta er spurð að því, hvort hún hafi fundið brunalykt eða séð rjúka úr þvottinum, sem hún kveðst nú hafa sett á eldavélina, sem hún síðan kveikti á. Hún kveðst hvorki hafa séð reyk né fundið lykt.

— — —

Daginn eftir yfirheyrslu þessa, 5. desember 1990, dró ákærða játningu sína til baka og hvarf til fyrra framburðar síns, sem hún í meginatriðum hefur haldið sig við síðan, þ. á m. hér fyrir dóminum.

Hér fyrir dóminum gefur ákærða þá skýringu á framburði sínum 4. des. 1990, að hún hafi játað brotið vegna hótana rannsóknarlögreglu. Hótað hafi verið að setja dóttur sína og eiginmann í fangelsi, ef hún játaði ekki, og það hafi hún ekki getað hugsað sér. Aðrar skýringar hefur ákærða ekki gefið á þessum framburði sínum.

Daníel Snorrason rannsóknarlögreglumaður, sem tók skýrslu þessa af ákærðu, hefur hér fyrir dóminum neitað því að hafa beitt ákærðu hótunum, hvorki beinum né óbeinum, og skýrir svo frá, að í upphafi hafi framburður ákærðu verið trúverðugur, en er á yfirheyrsluna leið, hafi framburður hennar orðið ótrúverðugur og virst settur fram eins og ákærða væri viljandi að gera framburð sinn ótrúverðugan.

Réttargæslumaður og verjandi ákærðu, Arnar Sigfússon hdl., var viðstaddur yfirheyrslu þessa, og hefur hann ekki við flutning málsins tekið undir framburð ákærðu um þetta efni.

— — —

Fram er komið, að eini inngangurinn í íbúð ákærðu og eiginmanns hennar á miðhæð hússins var um dyr á suðurhlið hússins, sem ákærða kveðst hafa læst, áður en hún fór að heiman frá sér, og reyndust vera læstar, er slökkvistarf hófst. Þá er fram komið, að innangengt í íbúð

ákærðu var úr herbergi á neðstu hæð, er sonur hennar hafði til umráða, en á herbergi þessu er gluggi, er snýr til austurs. Rannsakað var, hvort hugsanlega hefði verið farið inn um glugga þennan, og fundust þess engin merki, að svo hefði verið, en möguleikar taldir á, að grannur og lipur maður gæti komist inn um hið opnanlega fag gluggans.

Gerð var nákvæm könnun á fjárhag ákærðu og eiginmanns hennar. Skýrsla Jóhannesar Sigfússonar rannsóknarlögreglumanns um niðurstöðu þeirrar könnunar er svohljóðandi:

— — —

Auk gagna þeirra, sem að framan eru rakin, var kannað, hvort hugsanlega hefði leynst maður í framangreindu herbergi á neðstu hæð hússins, þaðan sem innangengt var á miðhæðina, og var m.a. kannað, hvort þroskaheftur vinur sonar ákærðu hefði dvalið þar um nóttina, en ekkert hefur komið fram, er leiði líkur að því, að einhver hefði getað leynst í þessu herbergi án vitundar ákærðu og eiginmanns hennar.

Þá fylgja máli þessu sjónvarpsupptaka á vettvangi og myndbandsupptaka af íkveikjutilraun þeirri, er lögreglumenn gerðu. Sést þar m.a., að meðan á tilrauninni stóð, var hurð að tilraunaherbergi opnuð nokkrum sinnum og súrefni hleypt inn, svo að ætla má, að eldurinn hafi kviknað eitthvað fyrir en ella.

Með framburði vitnisins Guðmundar Jónassonar, sem studdur er íkveikjutilraun rannsóknarlögreglu, svo og framburði slökkviliðsstjóra, Tómasar Búa Böðvarssonar, um orsök reyksprengju (sic) þeirrar, er varð, þykja miklar líkur á, að kveikt hafi verið á hellum eldavélarinnar með taubunkanum ofan á fljótlega upp úr kl. 10.00. Framburður ákærðu um það, hvenær hún yfirgaf heimili sitt umræddan morgun, hefur verið á reiki, þ.e., að í upphafi kveðst hún hafa yfirgefið heimili sitt um kl. 10.30. Síðar hefur hún haldið því fram, að það hafi verið 10-15 mínútur yfir 10.00. Síðari framburður ákærðu um þetta atriði þykir studdur framburði vitnisins Jónínu Helgu Guðmundsdóttur og eiginmanns hennar svo og tíma þeim, er líklegt er, að hún hafi komið á brunastað, er slökkvistarfi var að mestu lokið.

Ákærða telur sig hafa heyrt í þvottavélinni á rishæðinni, áður en hún yfirgaf íbúðina, en samkvæmt framburði vitnisins Guðmundar Jónassonar gangsetti hann hana, eftir að hann varð brunalyktar var.

Bendir framangreint til, að kveikt hafi verið á eldavélinni, áður en ákærða yfirgaf íbúðina.

Ekkert hefur komið fram, er leiði líkum að því, að annar en ákærða sjálf hafi getað framið verknaðinn.

Ákærða hefur ekki gefið fullnægjandi skýringar á afturköllun játningar þeirrar, er hún gaf fyrir lögreglu 4. desember 1990.

Ákærða hefur alla tíð neitað að hafa vitað, að fjölskyldutrygging sú, er eiginmaður hennar keypti hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. föstudaginn 23. nóvember 1990, hafði tekið gildi, þegar bruninn varð, þrátt fyrir það að hún bar við yfirheyrslu hjá lögreglu 4. des. 1990, að tryggingarkaup þessi hefðu verið liður í áætlun um íkveikjuna og að ástæðan fyrir verknaðinum hefði verið peningaleysi, en fram er komið, að fjárhagur ákærðu og eiginmanns hennar var bágborinn. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að tryggingar-fjárhæðin hafi verið óeðlilega há miðað við verðmæti innbús, og af gögnum málsins verður ekki ráðið, að ákærða hagnaðist sérstaklega við brunann.

Framburður starfsmanna tryggingafélagsins og eiginmanns ákærðu bendir ekki til, að ákærða hafi sérstaklega sýnt innbústryggingunni áhuga eða aflað sér upplýsinga um gildistöku tryggingarinnar. Það er því ekkert það fram komið í málinu, er bendi til, að ákærða hafi vitað, að tryggingin hafði tekið gildi.

Samkvæmt framanskráðu eru fram komnar verulegar líkur á, að ákærða hafi valdið eldsvoðanum í greint sinn, en óupplýst er, hvaða hvatir kunni að hafa legið þar að baki.

Gegn neitun ákærðu hér fyrir dómi verður sök hennar ekki reist á játningu hennar fyrir lögreglu 4. desember 1990, sem samkvæmt framburði Daníels Snorrasonar rannsóknarlögreglumanns var ekki trúverðugur. Önnur gögn málsins, sem að framan er getið, eru eigi svo óbyggjandi, að ein sér nægi til sönnunar á sök ákærðu.

Þykir því ekki liggja fyrir lögfull sönnun á sök ákærðu í máli þessu samkv. 108. gr. laga nr. 74/1974, og ber því að sýkna hana af kröfum ákæruvaldsins.

Í málinu liggja fyrir skaðabótakröfur frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf., sem eigi verður dómur á lagður samkv. 146. gr. laga nr. 74/1974.

Dæma ber ríkissjóð til greiðslu alls sakarkostnaðar í máli þessu, þ.á m. þóknunar skipaðs verjanda ákærðu, Arnars Sigfússonar héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 120.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Alda Sólrún Guðmundsdóttir, skal vera sýkn af refsikröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Arnars Sigfússonar héraðsdómslögmanns, 120.000 kr. auk virðisaukaskatts, greiðist úr ríkissjóði.